



***SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA***

## **Starfsskýrsla SASS fyrir starfsárið 2014 – 2015**



## EFNISYFIRLIT

|                                                         |    |
|---------------------------------------------------------|----|
| INNGANGUR.....                                          | 3  |
| STJÓRN, STARFSMENN OG STARFSSTÖÐVAR.....                | 3  |
| UPPBÝGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS.....                      | 3  |
| SÓKNARÁÆTLUN 2015 til 2019 .....                        | 6  |
| STÖÐUGREINING HJÚKRUNARHEIMILA Á SUÐURLANDI .....       | 9  |
| MENNTAVERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNAR.....                      | 11 |
| UPPBÝGGING SÍMENNTUNAR Á MIÐSVÆÐINU .....               | 12 |
| BROTHÆTTAR BYGGÐIR – SKAFTÁRHREPPUR TIL FRAMTÍÐAR.....  | 13 |
| ALMENNINGSSAMGÖNGUR.....                                | 13 |
| FRUMKVÖÐLASETUR SASS – (FRUSS) .....                    | 14 |
| ATVINNUMÁLASTEFNA SVEITARFÉLAGA .....                   | 14 |
| TALNARÝNIR – HAGRÆNAR GREININGAR.....                   | 15 |
| RÁÐGJÖF .....                                           | 15 |
| STARFSEMI Á SVIÐI MENNINGARMÁLA Á SUÐURLANDI .....      | 17 |
| ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS ..... | 24 |
| ART VERKEFNIÐ .....                                     | 24 |
| SAMNINGAR.....                                          | 25 |
| UMSAGNIR OG ÁLYKTANIR .....                             | 25 |
| LOKAORÐ .....                                           | 30 |

*Forsíðumyndin er tekin af Símoni H. Bogasyni í Vík í Mýrdal.*

## INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu SASS starfsárið 2014 – 2015 er fjallað um helstu verkefni á milli aðalfunda 21. október 2014 og 29. október 2015. Farið er yfir störf stjórnar, umsagnir og ályktanir sem samtökin hafa sent frá sér og gerð grein fyrir þeim verkefnum sem samtökin vinna að.

## STJÓRN, STARFSMENN OG STARFSSTÖÐVAR

Í stjórn SASS sem kosin var á aðalfundi SASS 2014 sitja; Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi, formaður, Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarfélaginu Árborg, Sæmundur Helgason, Sveitarfélaginu Hornafirði, Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi, varaformaður, Anna Björg Níelsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi, Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði og Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra. Auk þess hafa varamennirnir Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg, Jóhannes Gissurarson, Skaftárhreppi, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Eypór H. Ólafsson, Hveragerði, Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra, Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði, Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð og Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi, setið einn eða fleiri fundi stjórnarinnar. Alls hélt stjórnin 13 stjórnarfundum, auk annarra funda sem stjórnarmenn sóttu. Auk þess sem stjórnarfundir voru haldnir í fundarsal SASS að Austurvegi 56, voru þeir líka haldnir á Höfn, í Vestmannaeyjum, Hveragerði, Ráðhúsi Árborgar og á Flúðum.

Sveitarfélög á Suðurlandi eiga tvo fulltrúa í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þau, Aldísi Hafsteinsdóttir, Hveragerði og Ísólf Gylfa Pálmason, Rangárþingi eystra.

Hjá samtökunum starfa nú samtals 13 starfsmenn, atvinnuráðgjafarnir Fanney Björg Sveinsdóttir (hverfur til annarra starfa í október), Finnþogi Alfreðsson, Þórarinn E. Sveinsson, Þórður Freyr Sigurðsson og Dorothee Lubecki. Þá er Eirný Vals verkefnastjóri fyrir verkefnið „Skaftárhreppur til framtíðar“ (Brothættar byggðir). Auk þess starfaði Kristín Hreinsdóttir, verkefnastjóri, hluta af tímabilinu, en hún hætti í júní sl. Við ART verkefnið starfa þrír sérfræðingar Sigríður Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri, Kolbrún Sigþórsdóttir og Gunnar Þór Gunnarsson. Á skrifstofu starfa Alda Alfreðsdóttir, Ragnheiður Óskarsdóttir og Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir auk Bjarna Guðmundssonar framkvæmdastjóra.

Samtökin hafa starfsstöðvar á Selfossi, Hvolsvelli, Vestmannaeyjum, Höfn og Kirkjubæjarklaustri.

## UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands eru eftirfarandi:

- Að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi
- Að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi og stuðla að markmiðum sem hafa verið skilgreind í menningarstefnu Suðurlands
- Að styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

### *Fyrirkomulag styrkveitinga til næstu 5 ára*

Uppbyggingarsjóður Suðurlands varð til samhliða undirritun samninga við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, um sóknaráætlanir landshluta. Sjóðurinn hefur tekið við hlutverki Menningarráðs og Vaxtarsamnings Suðurlands. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og veitir verkefnastyrki. Sjóðurinn er fjármagnaður með samningi við ráðuneytin og með framlögum frá sveitarfélögunum (áður framlög til menningarmála/menningarsamnings). Gildistími samnings um sóknaráætlanir landshluta og þar með Uppbyggingarsjóðs, er frá árinu 2015 til loka árs 2019. Núverandi fyrirkomulag og umgjörð styrkveitinga hjá SASS byggir á þeim grunni til næstu 5 ára.

### *Sameiginleg verkefnastjórn – tvö fagráð*

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar á Suðurlandi fer einnig með hlutverk verkefnastjórnar Uppbyggingarsjóðs Suðurlands (sjá kafla um verkefnastjórn Sóknaráætlunar). Verkefnastjórnin hefur það megin hlutverk gagnvart sjóðnum að setja sjóðnum úthlutunarreglur og framfylgja þeim. Framkvæmdin felst fyrst og fremst í að skipa tvö fagráð sem leggja mat á umsóknir til sjóðsins. Annars vegar er ráð á sviði nýsköpunarverkefna og hins vegar ráð um menningarverkefni. Fagráðin gera tillögur að úthlutun sem lagðar eru fyrir verkefnastjórn. Verkefnastjórnin tekur svo endanlega ákvörðun um úthlutanir sjóðsins að því gefnu að stjórn SASS staðfesti úthlutunina. Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í fagráðin á vegum Uppbyggingarsjóðsins fyrir árið 2015.

### *Menningarverkefni - fagráð*

- Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, söngkona og tónlistarkennari, Fljótshlíð
- Marteinn Steinar Þórsson, kvikmyndagerðarmaður, Hveragerði
- Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður á Þjóðminjasafni Íslands, Eyrarbakka

### *Nýsköpunarverkefni - fagráð*

- Bergsteinn Einarsson, framkvæmdarstjóri Set ehf., Selfossi
- Helga Björk Ólafsdóttir, framkvæmdarstjóri Leikskólans Sóla, Vestmannaeyjum
- Laufey Helgadóttir, ferðaþjónustubóndi að Smyrlabjörgum, Suðursveit

### *Nýtt fyrirkomulag við mat á verkefnum – aukið gegnsæi*

Samhliða þess að settar voru á sameiginlegar úthlutunarreglur fyrir nýsköpunar- og menningarverkefni var komið á nýju matskerfi fyrir allar umsóknir sem sjóðnum berast. Fyrirkomulagið hafði verið í þróun og prófað áður í gegnum tvær úthlutanir nýsköpunarstyrkja hjá SASS. Nú var slíku matskerfi einnig komið á við mat á umsóknum um styrki til menningarverkefna. Fyrirkomulagið reyndist vel og var til gagns fyrir þá sem sitja í fagráðunum. Nefndarfolk getur þá borið saman bækur sínar út frá fyrirfram gefnum mælikvörðum. Slíkt eykur á skilvirkni og gegnsæi við ákvarðanatökur. Nánari upplýsingar um mælikvarðana er að finna á heimasíðu SASS.

### *Einn sjóður í stað þriggja áður*

Sé horft til þeirra verkefna sem áður voru á hendi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og á vegum Menningarráðs Suðurlands, þá hafa verkefni á sviði styrkveitinga verið einfölduð til muna hjá SASS. Fyrir um þremur árum voru þrír starfsmenn sem héldu utan um ólíkar styrkveitingar hjá þessum tveimur félögum. Styrkveitingar fylgdu ólíkum markmiðum, samningum eða áherslum og voru á mismunandi tímum ársins;

- Nýsköpunarstyrkir – Atvinnuþróunarfélag Suðurlands - í apríl
- Samstarfsverkefni - Vaxtarsamningur Suðurlands – að vori
- Samstarfsverkefni - Vaxtarsamningur Suðurlands – að hausti
- Verkefnastyrkir - Menningarráð Suðurlands – um áramót
- Rekstrarstyrkir - Menningarráð Suðurlands – um áramót

### *Aukin þjónusta gagnvart menningarlífi – tvær úthlutanir*

Með tilkomu sjóðsins varð til einn sjóður nýsköpunar- og menningarverkefna á Suðurlandi, með sameiginlegum úthlutunareglum. Við mótnun úthlutunareglna þurfti að taka tillit til samnings landshlutans um sóknaráætlanir en að öðru leyti horft til þess að verkefni sem áður hefðu talist styrkhæf, samkvæmt úthlutunareglum Menningarráðsins eða Vaxtarsamnings, yrðu styrkhæf samkvæmt nýjum úthlutunareglum. Ekkert verkefni sem áður taldist styrkhæft var því útilokað með tilkomu sjóðsins. Almenn hafa þjónustuþegar SASS því ekki orðið varir við breytingar. Helsta breytingin felst í umsýslunni og þáttum sem snúa ekki beint að styrkþeganum sjálfum. Áður var styrkveitingum til menningarverkefna einungis úthlutað einu sinni á ári en nú er um sameiginlega úthlutun að ræða tvisvar á ári.

### *80 milljónir til úthlutunar á árinu 2015*

Um 42 m.kr. var úthlutað til 93 verkefna í fyrri úthlutun ársins. Þar af tæpar 19 m.kr. til 61 verkefnis á sviði menningarmála og tæpar 24 m.kr. til 32 nýsköpunarverkefna. Hærri upphæðir til nýsköpunarverkefna skýrast fyrst og fremst af óúthlutaðu fé til nýsköpunarverkefna frá fyrra ári. Samtals á árinu 2015 verða til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands um 80 m.kr., til fjölbreyttra nýsköpunar og menningarverkefna á Suðurlandi. Af fjármunum til menningarverkefna eru 1,5 m.kr. til komnar vegna samnings við Rarik um stuðning þeirra við menningarstarf á Suðurlandi árið 2015 og 2016. Yfirlit yfir styrkt verkefni, styrkþega og upphæðir styrkveitinga eru birtar á heimasíðu SASS.



*Forsvarsmenn Medilync ehf. sprotafyrirtækis frá Vestmannaeyjum, styrkþegar Uppbyggingarsjóðsins, með kynningu á afurð verkefnisins samhliða skilum á lokaskýrslu til SASS. Verkefnið gekk út á að hanna og prófa frumgerð af tæki sem les af insúlínpennum og er með innbyggðum blóðsykurmæli sem fylgist með notkun sjúklingsins og gögnin er síðan vistuð miðlægt. Verkefnið fer vel af stað og er nú unnið að frekari fjármögnun þess.*

## SÓKNARÁÆTLUN 2015 til 2019

Þann 10. febrúar 2015 var skrifað undir nýja samninga um sóknaráætlanir landshluta fyrir tímabilið 2015-2019. Þar með voru sameinuð í einn samning verkefni sóknaráætlunar, vaxtarsamnings og menningarsamnings.

Sóknaráætlanir fela í sér mikla nýbreytni í opinberri stjórnsýslu þar sem verið er að færa aukna ábyrgð á útdeilingu fjármagns til landsbyggðanna. Jafnframt er verið að einfalda og láta framlög í auknum mæli taka mið af hlutlægum mælikvörðum.

### *Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands*

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands fer fyrir samningi um Sóknaráætlun landshlutans ásamt því að fara með hlutverk verkefnastjórnar eða sem úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

Stjórn SASS skipar verkefnastjórnina. Þar sem verkefnastjórnin starfar einnig sem verkefnastjórn Uppbyggingarsjóðsins, mega kjörnir fulltrúar sveitarstjórna ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna, samkvæmt ákvæði í samningi um Sóknaráætlun við ráðuneytin. Verkefnastjórnin er í dag skipuð 5 aðilum og þar af tveimur úr stjórn SASS. Verkefnastjórnin getur verið skipuð fleiri eða færri aðilum svo lengi sem reglu þessari um hlutföll kjörinna fulltrúa er fylgt.

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar á Suðurlandi er skipuð eftirtöldum aðilum;

- Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður, Sveitarfélagið Árborg
- Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjar
- Runólfur Sigursveinsson, Sveitarfélagið Árborg
- Guðrún Hafsteinsdóttir, Hveragerði
- Bryndís Björk Hólmarsdóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður

### *Lög um sóknaráætlanir*


Alþingi samþykkti á árinu ný lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir. Með því hafa sóknaráætlanir verið lögfestar til framtíðar. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið kemur fram að svo framarlega sem fullnægjandi fjárveitingar fáið til verkefnisins stuðli ný lög að markvissari aðgerðum í byggðamálum og bættum árangri. Í umsögn Sambandsins er bent á að eftirfarandi umbætur felist í samningnum:

- Vandaðri langtímaáætlanagerð á landsvísu og fyrir landshlutana átta. Í stað fjögurra ára byggðaaætlunar fyrir landsbyggðina verður byggt á heildstæðri byggðaaætlun fyrir allt landið til sjö ára og landshlutaáætlunum til sama tíma.
- Meiri samhæfing milli opinberra áætlana muni leiða til betri nýtingar á opinberu fé og betri árangurs.
- Skipulagðir farvegir fyrir þverfaglegt samstarf á milli ráðuneyta um byggðamál og milli ríkis og sveitarfélaga muni gera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga skilvirkari.
- Aukið samráð og samvinna innan landshlutanna um áætlanir og aðgerðir og meira forræði heimamanna muni stuðla markvissari aðgerðum og betri árangri í innleiðingu aðgerða.

### *Hlutverk og markmið sóknaráætlana*

Megin hlutverk og markmið sóknaráætlana eru þrípætt:

1. Vinna að stefnumörkun landshlutans - að lágmarki í þeim málaflokkum sem kveðið er á um í samningi
2. Ráðstafa fjármunum til áhersluverkefna á grundvelli stefnumörkunar landshlutans
3. Úthluta styrkjum til menningar- og nýsköpunarverkefna á grundvelli stefnumörkunar landshlutans og opinberrar stefnumörkunar þar sem það á við (Uppbyggingarsjóður)



### *Stjórnskipulag og hlutverk*

Hver landshluti hefur sitt skipulag og verklag við eftirfylgni samnings um sóknaráætlanir. Hlutverk og skipulag hefur verið skilgreint hjá SASS og er eftirfarandi;

Hlutverk stjórnar SASS:

- Skipa verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands
- Ákvarða um hlutverk samráðsvettvangs sóknaráætlunar Suðurlands
- Staðfesta úthlutanir Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- Samþykka tillögur verkefnastjórnar um áhersluverkefni
- Staðfesta úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Hlutverk stýrinets stjórnarráðsins:

- Stýrinet stjórnarráðsins staðfestir tillögur verkefnisstjórnar um áhersluverkefni og fer með eftirlit og umsýslu með samningnum fyrir hönd ráðuneytanna
- Stýrinetið fær verklagsreglur landshlutasamtaka um úthlutun styrkveitinga til staðfestingar

Hlutverk Byggðastofnunar:

- Byggðastofnun annast afgreiðslu framlaga samkvæmt samningi og eftir innsendum greiðslubeinum frá landshlutasamtökunum

Hlutverk verkefnastjóri Sóknaráætlunar Suðurlands:

- Verkefnastjóri annast umsýslu og framkvæmd með samningi SASS um Sóknaráætlun Suðurlands

- Verkefnastjóri annast umsýslu og framkvæmd með Uppbyggingarsjóði Suðurlands
- Verkefnastjóri framfylgir Sóknaráætlun Suðurlands og áhersluverkefnum í samvinnu við framkvæmdarstjóra og verkefnastjórn Sóknaráætlunar

Skipurit sóknaráætlunar Suðurlands:



#### *Sóknaráætlun Suðurlands 2015*

Unnið var að Sóknaráætlun þessa árs í framhaldi af undirritun samnings í febrúar sl. Sóknaráætlun ásamt tillögum að áhersluverkefnum fyrir árið 2015 var skilað inn fyrir 1. júlí sl. Í þessum mánuði var svo ný Sóknaráætlun og áhersluverkefni staðfest af stýrihópi stjórnarráðsins.

Áhersluverkefni þessa árs kallast kannski ekki að öllu leyti á við nýja stefnumörkun landshlutans. Að miklu leyti var um langtímaverkefni síðustu ára að ræða. Má þar nefna verkefni um Uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu, verkefnastjóra menntaverkefna og verkefni Menntalestarinnar. Verkefni um svæðisskipulag Suðurlands var tillaga að áhersluverkefni stjórnar SASS og ársfundar SASS á síðasta ári, sem fól í sér málþing í upphafi árs og fundarröð með 30 kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna um mótun tillagna um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurland. Markaðsgreining Suðurlands snýr að aukinni greiningu í landshlutanum á markhópum og eftirspurn ferðamanna, svo landshlutinn og einstök svæði geti náð betri árangri í kynningar- og markaðsmálum og við að dreifa ferðamönnum betur um landshlutann. Verkefni Kirkjubæjarstofu snýr að því að uppfæra áætlanir um uppbyggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri og vinna að framtíðar rekstrargrunni setursins, með það að markmiði að Kirkjubæjarstofa verði skilgreind sem þekkingarsetur og fái sem slíkt fjárframlög til rekstursins af fjárlögum.

Samþykkt áhersluverkefni á árinu 2015 voru samtals að fjárhæð 23.775.000, kr.:

- Verkefnastjóri menntaverkefna, 6.925.000, kr.
- Uppbygging símenntunar á miðsvæðinu, 6.500.000, kr.
- Menntalestin 2015, 1.000.000, kr.
- Svæðisskipulag Suðurlands, 4.350.000, kr.
- Markaðsgreining Suðurlands, 2.500.000, kr.
- Kirkjubæjarstofa, 2.500.000, kr.



### *Stefnumörkun Suðurlands til 2020*

Þann 16. júní sl. var haldinn fundur samráðsveittvangs um mótun Sóknaráætlunar Suðurlands 2015 til 2019. Boðaðir voru 40 fulltrúar sem tilnefndir voru af sveitarfélögum á Suðurlandi. Með rétttri samsetningu hópsins átti að tryggja breiða aðkomu sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum og að teknu tilliti til aldurs- og kynjasamsetningu. Skipt var í hópa og unnið saman að framtíðarsýn fyrir Suðurland og megin áherslum til næstu ára. Afrakstur fundarins kom til viðbótar við það sem unnið hafði verið um stefnumörkun í tilteknum málaflokkum, í vinnuhópum við gerð Sóknaráætlunar Suðurlands 2013 og í nefndarvinnu á ársþingi SASS 2014. Afraksturinn er stefnumörkun landshlutans til ársins 2020. Það skjal er leiðarvísir við mótun næstu sóknaráætlunar og til viðmiðunar við val og fjármögnun áhersluverkefna næstu ára.

Megin áherslur Sóknaráætlunar Suðurlands til 2020:

- Auka samvinnu á milli sveitarfélaga í sem flestum málefnum
- Vinna að heildrænni kortlagningu á náttúru, mannauði og menningu á Suðurlandi og draga fram sérstöðu einstakra svæða
- Skapa jákvæða ímynd af Suðurlandi sem byggir á gæðum og hreinleika
- Vinna að umhverfissvakningu með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu á orku og auðlindum
- Hækka menntunarstig á Suðurlandi með eflingu framboðs og aðgengis að menntun í heimabyggð
- Auka fjölbreytni í atvinnulífi, mannlífi, menningu og menntun

Sjá nánari upplýsingar um stefnumörkun landshlutans á heimasíðu SASS.

### *Sóknaráætlun Suðurlands 2016 (2015-2019)*

Unnið er að gerð næstu Sóknaráætlunar Suðurlands og verður hún endurskoðuð árlega héðan í frá. Stefnt er á að hún verði tilbúin um áramót ár hvert og fari saman með fjárlögum hvers árs. Val á verkefnum og ráðstöfun fjármuna til áhersluverkefna geta þá legið fyrir í upphafi hvers árs.

Stefnumörkun landshlutans liggur nú fyrir og er það sá grunnur sem ákvarðanir um áhersluverkefni munu byggja á. Ákveðið hefur verið að kynna stefnumörkunina opinberlega og auglýsa eftir tillögum að áhersluverkefnum frá samfélaginu. Með því verður ferli við gerð og mótun Sóknaráætlunar opnað enn frekar til þátttöku og eftirfylgni úr samfélaginu. Skipaðir verða svo starfshópar á vegum verkefnastjórnarinnar sem útfæra og leggja mat á verkefnatillögurnar.

## **STÖÐUGREINING HJÚKRUNARHEIMILA Á SUÐURLANDI**

Skýrslan var unnin af SASS að beiðni stjórnar samtakanna. Þingmenn, ráðherrar og fleiri hafa kallað eftir upplýsingum um svæðið í heild og sú staða sem nú er uppi hefur krafist frekari skoðunar. Ályktað hefur verið á ársþingum SASS um stöðuna um langt árabíl og var það eitt helsta áhersluatriði ársþings samtakanna 2014. Biðlistar eru langir, skortur er á hjúkrunarrýmum í landshlutanum, þörf er víða á miklum endurbótum og nýbyggingum og rekstrarhalli er almennt viðvarandi vandamál. Sé litið 10 ár fram í tímann eru vandamálin ærin og við þeim þarf að bregðast í tíma.

Skýrslan var unnin af Þórði Frey Sigurðssyni starfsmanni samtakanna og Unni Þormóðsdóttur úr stjórn samtakanna. Upplýsingar um viðkomandi heimili í skýrslunni eru allar fengnar með spurningarkönnunum sem lagðar voru fyrir forstöðumenn viðkomandi heimila, í lok árs 2014. Hafa ber í huga að tölur um fjölda á biðlistum sem stuðst er við í skýrslunni eru frá 24. febrúar sl. Um er að ræða lifandi tölur sem taka breytingum dag frá degi.

#### *Samantekt og niðurstöður*

Á Suðurlandi eru 260 hjúkrunarrými á 12 heimilum. Á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum eru 28 einstaklingar og 39 einstaklingar eru á bið eftir hvíldarrýmum. Af þeim sem bíða eftir hvíldarrýmum eru 11 einstaklingar sem jafnframt eru á biðlistum eftir varanlegri vistun. Heildar eftirspurn telur því 316 hjúkrunarrými í landshlutanum í dag. Munar þar um 56 hjúkrunarrými sem þörf er á til viðbótar til að uppfylla núverandi þörf íbúa á Suðurlandi eftir hjúkrunarrýmum. Hjúkrunarrýmum á Suðurlandi þarf því að fjölga um rúm 19% til að bregðast við núverandi þörf.

Af þeim 260 hjúkrunarrýmum í landshlutanum eru einungis 7 þeirra skilgreind sem hvíldarrými. Miðað við viðmið Velferðarráðuneytisins um hlutfall hvíldarrýma af heildarfjölda hjúkrunarrýma ætti fjöldi þeirra að vera um 26 til 39 eða öllu fleiri miðað við þá eftirspurn sem nú er. Mikill skortur á hvíldarrýmum kemur í veg fyrir að þau þjóni tilgangi sínum við að draga úr og seinka þörf á langtímavistun í hjúkrunarrýmum.

Af 12 heimilum á Suðurlandi er þörf á endurbótum og nýbyggingum á 11 þeirra. Þungur rekstur hefur dregið úr getu flestra heimilanna til að standa undir eðlilegu viðhaldi. Að mati forstöðumanna þyrftu daggjöld að hækka um 5 til 25% svo rekstur heimilanna standi undir sér. Áætla má út frá svörum forstöðumanna heimilanna, að sveitarfélög og stofnanir á Suðurlandi séu að greiða samtals um 200 milljónir króna á ári með rekstri heimilanna í landshlutanum.

Samkvæmt reiknireglu Velferðarráðuneytisins er heildarþörf hjúkrunarrýma á Suðurlandi metin um 255 rými. Ætla mætti að Sunnlendingar gætu því vel við unað. Það er þó fjarri lagi þar sem reiknireglan á meðal annars að taka til þeirra sem eru á biðlistum. Raunveruleg þörf fyrir fjölda hjúkrunarrýma er því vanmetin sem nemur allt að 30%. Skortur á hjúkrunarrýmum er staðreynd. Vert er að taka fram að nú eru um 15 einstaklingar sem ekki eiga lögheimili í heilbrigðisumdæmi Suðurlands og enn fleiri sem fluttu á svæðið þegar þeir fengu hjúkrunarrými.

Mannfjöldaspa Hagstofunnar til næstu 10 ára eða til ársins 2025 sýnir fram á fjölgun um 41% í aldurshópnum 67 ára og eldri. Sé miðað við að eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum fylgi þeirri þróun er áætluð eftirspurn á Suðurlandi árið 2025 um 360 til 450 hjúkrunarrými, allt eftir því hvort stuðst sé við reiknilíkan Velferðarráðuneytisins eða framreiknaða þörf frá því sem nú er. Þær spár sem ganga lengst gætu verið ofmetnar að því leyti að eftirspurn eftir hvíldarrýmum gæti að hluta verið uppsafnaður vandi. Staðreyndin er sú að fjölga þarf hjúkrunarrýmum um 100 til 190 á næstu 10 árum eða um 40 til 70%. Að auki þarf að endurnýja stóran hluta rýma til að uppfylla kröfur samtímans og opinber viðmið til hjúkrunarrýma.

Stefna yfirvalda hefur verið á að fækka dvalarrýmum. Töluverð eftirspurn hefur engu að síður verið eftir dvalarrýmum, sérstaklega íbúa úr dreifbýli. Nú eru 22 einstaklingar að bíða eftir dvalarrýmum. Ástæða þess er í sumum tilvikum talin vera erfið skilyrði sökum mikilla vegalengda margra heimila frá

þéttbýli. Bygging þjónustuíbúða er talin geta komið á móts við þarfir þessa fólks að einhverju leyti og aukin þjónusta í heimahús þar sem því verður við komið.

Ljóst er að vandamálin eru ærin og við þeim þarf að bregðast í tíma þannig að hægt sé að byggja upp notendavæn, hagkvæm og skilvirk úrræði til framtíðar.

## MENNTAVERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNAR

Menntaverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands 2014-2015 byggjast á tillögum í skýrslu Gísla Sverris Árnasonar hjá ráðgjafafyrirtækinu R3 ráðgjöf. Markmið verkefnisins var að greina hvað þurfi að bæta í aðstöðu, aðbúnaði, þekkingu, innviðum og í uppbyggingu mennta- og fræðastarfs á Suðurlandi til að geta hækkað menntunarstig í landshlutanum, óháð búsetu og aldri. Einnig að greina möguleika til samstarfs atvinnulífs og mennta- og fræðastarfs um virðisauka menntunar á Suðurlandi og leggja fram tillögur að aðgerðum.

Verkefnisstjóri var ráðinn frá 1. ágúst 2014 í 100% starf til eins árs. Um áramót var starfshlutfallið lækkað í 80% þar sem verkefnisstjóri bætti tímabundið við sig verkefnisstjórn ART verkefnisins á Suðurlandi í 20% starfshlutfalli. Verkefninu lauk um mitt ár 2015 þegar verkefnisstjóri lét af störfum.

Samið var við Háskólafélag Suðurlands og Fræðslunet Suðurlands um framkvæmd tiltekinna verkefna en verkefnisstjóri hefur yfirumsjón með verkefnunum í heild. Náð samstarf var við menntastofnanir af öllu tagi í landshlutanum. Sérstök áhersla var lögð á samstarf við fulltrúa sveitarfélaga og atvinnulífs. Skipaður hefur verið starfshópur með fulltrúum símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla, háskóla og þekkingarsetra á Suðurlandi. Starfshópurinn forgangsraðaði menntaverkefnum Sóknaráætlunar og hafði samráð við fulltrúa atvinnulífsins annars vegar og fulltrúa skólustjóra grunnskóla hins vegar.

Í samvinnu við Fræðslunetið, símenntun á Suðurlandi og Vinnumarkaðsráðs var gerð greining á þörf fyrir verk- og tækninám á Suðurlandi.

Áætlað var að Menntalestin færi af stað haustið 2014 og að þessu sinni með viðkomu í framhaldsskólunum fjórum á Suðurlandi. Skólameistarar óskuð eftir frestun lestarinnar fram á vorönn 2015 þar sem dagskrá haustannar var fullskipuð.

Starfamessa á Suðurlandi var haldin 19. mars sl. í Fjölbautaskóla Suðurlands. Undirbúningshópur var stofnaður, en um kynningu og undirbúning sáu verkefnisstjóri SASS og formaður Atorku, félags atvinnurekenda á Suðurlandi, Sigurður Þór Sigurðsson. Styrkur fékkst úr Vinnumarkaðssjóði til Starfamessunnar en að öðru leyti kostuðu þátttakendur í hópi fyrirtækja og starfsgreina kynningar sínar sjálfir. Megináhersla Starfamessunnar var á starfs-, verk- og tæknigreinar og tóku ríflega 30 fyrirtæki þátt í messunni.

Þess má geta að í Vestmannaeyjum var haldin starfa- og námskynning í apríl þar sem kynnt voru margvísleg störf og nám á mun víðara sviði.

Samráðshópur menntunar og atvinnulífs var stofnaður haustið 2014. Hópurinn hittist fjórum sinnum og undirhópar hans oft. Í hópnum sitja fulltrúar stéttarfélaga, atvinnulífs, grunn- og

framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskóla- og þekkingarsetra á Suðurlandi. Árangurinn hefur verið margvíslegur. Starfamessa á Suðurlandi 2015 er dæmi um árangur en einnig má sjá merki samstarfsins í nýjum námsskrám grunn- og framhaldsskóla á svæðinu, auknu samstarfi símenntunarmiðstöðva og stéttarféлага annars vegar og símenntunarmiðstöðva og fyrirtækja hins vegar.

Árþing rannsókna og fræða var haldið í Gunnarholti 24. nóvember 2014. Þar var kynnt rannsókn- og fræðastarf víða á Suðurlandi. Þingið tókst vel og voru gestir sammála um að það þyrfti að vera árviss viðburður.

Ráðstefna um samspil menntunar og atvinnulífs var haldin á Höfn 23. september sl. Ætlunin er að í kjölfar þinganna verði mótuð menntastefna, annað hvort á sýslugrunni eða fyrir allt Suðurland, allt eftir niðurstöðum þinganna.

### UPPBÝGGING SÍMENNTUNAR Á MIÐSVÆÐINU

Markmið verkefnisins er að byggja upp lágmarkspjónustu símenntunar á svæðinu á milli Markarfljóts í vestri og Suðursveitar í austri. Um samvinnuverkefni er að ræða á milli Fræðslunets Suðurlands, Háskólafélags Suðurlands, SASS og sveitarfélaganna í Skaftafellssýslum, til að fjölga námstækifærum á svæðinu og hækka menntunarstig. Ráðinn var starfsmaður með aðsetur í Vík til að hafa umsjón með símenntun á svæðinu. Kostnaður vegna hans er fjármagnaður úr Sóknaráætlunarverkefninu.

Í janúar 2014 gerðu SASS og Fræðslunet Suðurlands viðauka við samkomulag þeirra á milli frá júní 2013 um uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu. Verkefnið var ráðning starfsmanns til að sinna símenntun á miðsvæðinu.

Ástæður viðaukans voru að Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands sem standa saman að verkefninu fengu ekki hækkað framlag á fjárlögum 2014 þrátt fyrir aukin umsvif og einnig hafa fjárveitingar til sóknaráætlana landshluta verið lækkaðar verulega. Í ljósi þessa munu þær 2 milljónir króna sem ætlaðar voru til námskeiðahalds og niðurgreiðslu námskeiða, sem var hluti af heildarverkefninu, nýtast betur til að standa undir launa- og starfstengdum kostnaði starfsmanns.

Fjarnámsaðstaða var bætt bæði í Vík og á Kirkjubæjarklaustri og verkefnisstjóri fór í kynningarátak til að kynna símenntun og háskólanám meðal íbúa svæðisins. Töluverður árangur varð af þessum aðgerðum og var aðstaðan vel nýtt, bæði til námskeiðahalds og notkunar fjarnámsaðstöðu. Sjá nánar skýrslu um stöðu verkefnisins á vef SASS: <http://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2014/01/Lokask%C3%BDrsla-til-SASS1.pdf>

Framkvæmdastjórar Fræðslunetsins og Háskólafélagsins hafa óskað eftir fundi með ráðherrum mennta- og byggðamála til að fylgja úr hlaði ítarlegri greinargerð um samhæfða þjónustu á Suðurlandi.

Verkefnisstjóri á miðsvæðinu er starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélagsins. Hann sér um að kynna framboð á námskeiðum, óska eftir námskeiðum og fræðslu og tryggja þannig framboð fræðslu á svæðinu. Fjármunir úr sóknaráætlun hafa verið nýttir að hluta til að greiða kostnað við

verkefnisstjóra og mikilvægt að á því verði framhald, enda gert ráð fyrir því að verkefnið stæði í þrjú ár.

## **BROTHÆTTAR BYGGÐIR – SKAFTÁRHREPPUR TIL FRAMTÍÐAR**

Verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar hófst árið 2013. Þá var meðal annars haldið íbúáþing þar sem leidd voru fram þau atriði sem íbúar vildu leggja áherslu á og töldu mikilvæg til að byggð eflist og dafnaði. Verkefnið er samstarfsverkefni Skaftárhrepps, SASS og Byggðastofnunar.

Árið 2014 gerðist fátt en þó var ákveðið í lok þess árs að auglýsa starf verkefnisstjóra til þriggja ára laust til umsóknar. Fyrri hluta árs 2015 tók verkefnisstjóri til starfa en hann starfar í umboði verkefnisstjórnar sem heldur utan um verkefnið.

Helstu viðfangsefni hafa verið greining og vinna við SVÓT sem og gerð mælikvarða og undirbúningur fyrir úthlutun úr sérstökum sjóði verkefnisins. Næsta skref verður íbúafundur í byrjun nóvember nk. þar sem stefna verður sett og framtíðarsýn mótuð.

## **ALMENNINGSSAMGÖNGUR**

SASS tók við rekstri almenningssamgangna fyrir tæpum fjórum árum. Reksturinn hefur gengið vonum framar og var strax í jafnvægi fyrsta árið. Á árinu 2013 var farþegafjöldinn tæplega 190 þúsund og gekk reksturinn það vel að hægt var að auka þjónustuna. Á árinu 2014 var 9% aukning og heildar farþegafjöldi 204.446. Árið 2014 var reksturinn í járnum og skilaði um 2 m.kr. rekstrarafgangi af rúmlega 280 m.kr. veltu. Á fyrstu 8 mánuðum þessa árs hefur farþegafjöldinn því miður dregist aðeins saman eða um rúmlega 15 þúsund farþega, sem er u.þ.b. 11% samdráttur miðað við sömu mánuði í fyrra. Nokkur aukning er í tekjum af sölu fargjalda fyrstu mánuði ársins sem skýrist sennilega að mestu af hækkun fargjalda í mars sl. og hlutfallslega fleiri farþegum sem fara lengri og dýrari ferðir. Blikur eru samt á lofti nú seinni hluta ársins. Færri nemendur í FSU og breyting á afgreiðslu ferðastyrks LÍN til nemenda skýrir að hluta til samdrátt í farþegafjölda nú í haust. Þróunar- og olústykir Vegagerðarinnar sem greiddir voru fyrstu árin hafa einnig tekjulækkandi áhrif.

Enn er í gangi málarekstur vegna almenningssamgangna og einhver bið er á niðurstöðu. Sama er að segja um akstur Sternu travel sem annað sumarið í röð er með reglubundnar ferðir um Suðurland en samgöngustofa og innanríkisráðuneytið hafa komist að þeirri niðurstöðu að stofnunin hafi ekki skýrar lagaheimildir til að bregðast við meintum brotum á einkarétti sveitarfélaganna.

Endurskoðun laga um almenningssamgöngur var ekki afgreidd á síðasta þingi og ef til vill verði nýtt frumvarp lagt fram á næsta vörþingi. Með samþykkt þess er vonast til að einkaréttur sveitarfélaga á almenningssamgöngum verði betur tryggður en í núgildandi lögum og jafnframt að samgöngustofa fái raunhæf úrræði til að bregðast við brotum á þeim einkarétti. Mikilvægt er að lögin öðlist sem fyrst gildi í ljósi þeirrar réttaróvissu sem er uppi. Staða mála er í raun óviðunandi fyrir sveitarfélögin.

Það fer ekki á milli mála að skiptar skoðanir eru um rekstur almenningssamgangna á vegum ríkisins og sveitarfélaga landsins. Margir hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu og rekstri langferðabifreiða telja rekstrinum betur komið í höndum einkaaðila og að sveitarfélög og ríki eigi ekki að koma þar að málum. Nýleg bókun aðalfundar félags hópferðaleyfishafa er gott dæmi þar um en þar segir: „Aðalfundur Félags hópferðaleyfishafa skorar á landshlutasamtök sveitarfélaga að láta af einokunartilburðum í fólksflutningum og draga sig út úr beinum rútuakstri,

enda alls ekki í verkahring samtaka sveitarfélaga að standa í áhættusömum ferðapjónusturekstri af neinu tagi“.

SASS leggur mikla áherslu á að ríkið standi við gerða samninga við sveitarfélögin um almenningssamgöngur. Í heildina hefur rekstur þeirra tekist vel til á Suðurlandi og almenn ánægja er hjá notendum. Samstaða um aksturinn er afar mikilvæg fyrir daglegan rekstur og áframhaldandi þróun almenningssamgangna og skiptir miklu máli fyrir íbúa og ferðamenn.

Það er því full þörf á því að halda vöku sinni við rekstur og þróun almenningssamgangna á Suðurlandi – og raunar landinu öllu. SASS er í ágætu samstarfi við önnur landshlutasamtök og Samband sveitarfélaga þar um.

### **FRUMKVÖÐLASETUR SASS – (FRUSS)**

Síðasta haust gerði SASS samning við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um rekstur Frumkvöðlaseturs Suðurlands, skammstafað FRUSS, í húsnæði SASS að Austurvegi 56 á Selfossi. Einnig er hægt að útvega starfsaðstöðu fyrir frumkvöðla á öðrum starfsstöðvum SASS á Suðurlandi. Þegar Skólaskrifstofa Suðurlands hætti starfsemi skapaðist svigrúm til að bjóða frumkvöðlum aðstöðu og aðstoð í skrifstofuumhverfi SASS. FRUSS er, að öðru jöfnu, opið á venjulegum skrifstofutíma, þ.e. frá 08.00 – 16.00. Frumkvöðlarnir greiða afar lágt gjald fyrir aðstöðuna og hafa aðgang að því skrifstofuumhverfi sem SASS býður upp á, auk aðstoðar frá ráðgjöfum SASS. Hægt væri að hýsa allt að 10 frumkvöðla, eftir því hvaða verkefnum þeir sinna.

Tveir aðilar hafa nýtt sér tilboðið og engir gefið sig fram annars staðar á Suðurlandinu. Nokkrir hafa spurst fyrir um aðstöðuna en ekki talið það henta sér að nýta þjónustuna. Eru það nokkur vonbrigði að aðsókn sé ekki meiri en raun ber vitni. Opnunartíminn er eitt af því sem ekki hentar öllum frumkvöðlum en flestir vilja koma og fara hvenær sem er sólarhringsins enda eru margir í öðrum störfum og eru að vinna að hugðarefnum sínum utan hefðbundins vinnutíma. Hitt er líka spurning hvort ekki mætti gera betur í að kynna þetta tilboð fyrir umhverfinu og/eða að ekki sé sami stuðningur við frumkvöðlaumhverfi á hinu víðfeðma Suðurlandi og sem dæmi á höfuðborgarsvæðinu?

### **ATVINNUMÁLASTEFNA SVEITARFÉLAGA**

Áframhald hefur verið á þeirri vinnu að þróa almenna hugmynda- og aðferðafræði við atvinnumálastefnu sveitarfélaga en SASS bauð sveitarfélögunum þá þjónustu fyrir rúmu ári síðan.

Áherslan hefur verið lögð á markvissa útfærslu og eftirfylgni meðal annars með árlegum borgarafundum um atvinnumál. Miðað er við að stefnunni sé framfylgt með verkefnaáætlunum. Atvinnumálanefndir og sveitarstjórnir gegna mikilvægu hlutverki við mótun og framfylgd atvinnustefnunnar.


Fundað hefur verið með sveitarstjórnnum og fulltrúum íbúa auk vinnu með starfshópum/nefndum. Gerð atvinnumálastefnu er raunar aldrei lokið enda um síbreytilega og lifandi aðferðafræði að ræða. Að svo miklu leyti sem hægt er að ljúka gerð atvinnumálastefnu er verkefninu lokið í tveimur sveitarfélögum og að komast á lokastig í öðrum tveimur. Ákveðin vöktun verður áfram á verkefnum ásamt reglulegri endurskoðun og samhæfingu við önnur verkefni og skipulagsvinnu sveitarfélaganna.

## TALNARÝNIR – HAGRÆNAR GREININGAR

Umtalsverð vinna hefur farið í að þróa aðferðafræði og finna gagnabanka til að vinna úr margvíslegt talnaefni og samanburðargögn um samfélagið á Suðurlandi en það getur verið mjög tímafrekt margra hluta vegna. Upphafið má rekja til samstarfsverkefnis Byggðastofnunar og landshlutasamtaka um þróun á svokölluðum Byggðabrunni þar sem markmiðið er að samhæfa vinnslu og framsetningu á hagtölum fyrir hvern landshluta. Því verkefni hefur miðað hægt aðallega vegna tregðu stofnana á að veita aðgang að þeirra talnaefni. Starfsmenn Atvinnuþróunarfélagsins lögðu, á tveimur seinustu árum þess félags, mikla vinnu í að koma á vinnslu og birtingu hagvísu fyrir landshlutann.

Ætlunin er að halda þessu starfi áfram, þróa staðlaða framsetningu á hagvísu, taka fyrir einstaka málefni og halda áfram samstarfinu við Byggðastofnun.

Markmiðið með Talnarýni er að leita uppi og aðgreina upplýsingar er snerta landshlutann og sveitarfélögin hér sérstaklega og auðvelda með því sveitarstjórnarmönnum að meta stöðu sinnar sveitar og landshlutans til samanburðar og veita þeim aðgang að ítarlegri upplýsingum en ella og auka gæði við ákvarðanatöku.



## RÁÐGJÖF

Ráðgjöf starfsmanna SASS er þríþætt:

1. Gagnvart einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum og fyrirtækjum í tengslum við styrkumsóknir. Aðstoðin felst gjarnan í að útfæra verkefnið sem sækja á um styrk til. Mjög oft vantar upp á skýra sýn á verkefnið sjálft og því mikilvægt að fá ráðgjöf við að móta og útfæra verkefnið svo það njóti sannmælis gagnvart matsaðilum.
2. Bein ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja í sínum daglega rekstri eða við rekstur eða umsýslu menningarverkefna er einnig hluti af þjónustu SASS. Slík ráðgjöf á oft upphaf sitt í heimsóknnum ráðgjafa eða að rekstraraðilar leita beint til SASS eða einstakra ráðgjafa SASS.
3. Ráðgjöf til sveitarfélaga getur verið margvísleg en tengist oft verkefnum eða málefnum á sviði atvinnu- eða menningarmála. Einnig hafa sveitarfélög sótt ráðgjöf við mótun atvinnustefnu.

Þannig verkefni eru oft mjög tímafrek og lengi í vinnslu vegna mikillar upplýsingaöflunar sem þarf í slík verkefni.

Mikill hluti vinnutíma ráðgjafa og verkefnastjóra SASS fer í að svara hvers kyns erindum og veita ráðgjöf til einstaklinga og rekstraraðila á Suðurlandi. Í tengslum við styrkumsóknir og úthlutanir á styrkjum til atvinnusköpunar, koma t.d. upp margvísleg verkefni og fyrirspurnir um verkefni. Jafnvel þó að verkefni fái ekki styrk getur aðstoð starfsmanna SASS verið mikils virði og í sumum tilfellum jafngild úthlutun fjármagns. Starfsmenn hafa svigrúm til að veita grunnaðstoð endurgjaldslaust til að skilgreina verkefni og koma því í ákveðinn farveg. Verkefnin eru af ýmsum toga og verkefnisstjórar SASS skipta verkefnum sín á milli bæði eftir eðli verkefna og landssvæðum, eftir því sem við á. Þessi hluti ráðgjafar í atvinnu- og menningarmálum er afar mikilvægur og eru menn hvattir til að leita eftir henni. Það er ekki svo að skilja að starfsmenn SASS kunni svör við öllu – en sameiginleg reynsla þeirra nýtist vel – einnig til að beina verkefnum og frumkvöðlum í réttan farveg eftir eðli verkefna hverju sinni.



## STARFSEMI Á SVIÐI MENNINGARMÁLA Á SUÐURLANDI

Starf menningarfulltrúa Suðurlands færðist til SASS eftir að Menningarráð Suðurlands var lagt af. Auk þess að halda áfram að efla menningarstarfsemi á Suðurlandi og veita faglega ráðgjöf við ýmis verkefni, fór mikill tími í uppgjör á öllum verkefnum sem Menningarráð Suðurlands hefur styrkt og komið að í gegnum árin. Eins og fyrri ár hefur verið boðið upp á ráðgjöf í öllum sveitarfélögum, sérstaklega í tengslum við styrkveitingar og hafa margir nýtt sér þann vettvang. Þeim sem þess óskuðu var leiðbeint í gegnum allt umsóknarferlið og umsóknin lesin yfir. Drjúgur tími menningarfulltrúa Suðurlands hefur einnig farið í að aðstoða þá, sem eftir því leita, að móta verkefni og sækja um fjármagn til verkefna.

Menningarfulltrúi tók þátt í ýmsum fundum og ráðstefnum, hefur verið þátttakandi og að hluta ráðgefandi á fundum Safnaklasa Suðurlands, Þjóðleiks, er stjórnamaður í Bókabæjunum austan fjalls og fleira. Ennfremur tekur menningarfulltrúi þátt í hugmyndavinnu og situr fundi sem tengjast þróunarvinnu við einstök verkefni ef þess er óskað.

Þar má nefna sérstaklega grasrótarkerfni á Stokkseyri sem endaði með stofnun framfarafélagsins „825 þorparar“. Menningarfulltrúi bauð þorpurunum upp á fundaröð sem skilaði svótgreiningu, hugmyndvinnu og löngum lista af hugsanlegum verkefnum. Í kjölfarið var félagið stofnað og var útgáfa Stokkseyrarkorts fyrsta verkefnið sem ráðist var í. Í október sl. fór fram



„Málþing um sjókvensku“, verkefni sem hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands og var liður í Menningarmánuði október sl. í Árborg ásamt „Tónleikum til minningar um Pál Ísólfsson“. Menningarfulltrúi hefur leitt þorparana í gegnum þessi þrjú verkefni en hópurinn er að verða tilbúin til að taka við keflinu. Þetta er gott dæmi um skilvirka aðkomu ráðgjafa SASS að verkefni sem er alfarið sprottið upp úr grasrótinni án mikils tilkostnaðar.

Samskonar verkefni hófst á Eyrarbakka á sama tíma sl. vetur en þar var ekki nægileg samstaða meðal íbúanna til að það færi á flug, alla vega ekki ennþá.

Til að auka samstarf og upplýsingaflæði á Suðurlandinu öllu heldur Menningarfulltrúi Suðurlands utan um samstarfshóp milli aðila á Suðurlandi sem starfa á sviði menningar- og ferðamála á vegum sveitarfélaga. Fundir í þessum samráðshópi eru óreglulegir en gagnlegir.

Eins og fyrri ár hefur menningarfulltrúi sótt allmarga atburði á starfssvæðinu þ.á.m. ráðstefnur, hátíðasamkomur, sýningar, tónleika, leiksýningar og fleira og haft bæði gagn og mjög gaman af að sjá grósku og þróun í menningarlífi á öllu Suðurlandi. Því miður er samt sem áður ekki hægt vegna tíma og kostnaðar að menningarfulltrúi sækji alla viðburði, uppákomur og atburði í sunnlensku menningarlífi sem hafa hlotið styrki.

### **Samtök sögutengdrar ferðaþjónustu**

Menningarfulltrúi hefur í mörg ár tengst starfsemi samtaka sögutengdrar ferðaþjónustu og hefur sótt fundi og málþing á vegum samtakanna á árinu. Samtökin halda úti heimasíðunni [www.sagatrail.is](http://www.sagatrail.is) og er hægt að fræðast betur um starfsemi þeirra þar.

**Safnahelgi / safnakeðja á Suðurlandi** er verkefni sem hefur fest sig í sessi í menningarflóru Suðurlands. Safnahelgi er orðin árlegur viðburður og fer fram fyrstu helgina í nóvember. Menningarfulltrúi hefur verið framkvæmdastjóri verkefnisins undanfarin ár og verður engin breyting á því á þessu ári. Undirbúningsvinnan fyrir Safnahelgina 2015 er í gangi.

### **Samstarf menningarfulltrúa**

Menningarfulltrúar á landsbyggðinni hafa haft með sér samstarf með reglulegum símafundum og hittast minnst einu sinni á ári. Menningarfulltrúi Suðurlands er virkur í því samstarfi.

### **[www.sudurland.is](http://www.sudurland.is)**

Vefsíðan [www.sudurland.is](http://www.sudurland.is) er áfram í þróun og er menningarfulltrúi þátttakandi í stýrihópi verkefnisins.



### **Styrkveitingar til menningarmála úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands 2015**

Úthlutun menningarstyrkja færðist með nýju fyrirkomulagi undir verkefnasvið úthlutunarnefndar sem var sérstaklega stofnuð til að halda utan um Sóknaráætlun Suðurlands en fagráð fór yfir umsóknir og gerði tillögu um úthlutanir. Ákveðið var að úthluta einungis verkefnastyrkjum á sviði menningar, ekki stofn- og rekstrarstyrkjum, auk þess að úthluta verkefnastyrkjum á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar. Ákveðið var einnig að vera með tvær úthlutanir árið 2015.



Fyrsta úthlutun 2015 fór fram í júní. Menningarfulltrúi var á ferðinni í öllum sveitarfélögum eins og undanfarin ár og bauð upp á ráðgjöf við umsóknargerð. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og var einnig vel þegið í ár. Alls bárust 185 umsóknir þar af 118 í menningarhlutann og 67 í atvinnuþróunar- og nýsköpunarhlutann. Úthlutað var alls 42 m.kr. þar af 23 m.kr. í samtals 32 atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni og 18 m.kr. í samtals 61 menningarverkefni. Úthlutun í hverjum málaflokki var í höndum fagráðs sem var sérstaklega skipaður af þessu tilefni skv. reglum sem settar eru í regluverki Sóknaráætlunar. Endanleg ákvörðun um úthlutun fór fram í úthlutunarnefndinni sem er einnig starfshópur Sóknaráætlunar.

Stefnt er að seinni úthlutun 2015 í nóvember. Samþykkt var að veita 34,5 m.kr. úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands í síðari úthlutun ársins. Áætluð skipting er 21 m.kr. til nýsköpunarverkefna og 13,5 m.kr. til menningarverkefna. Hærri upphæð til nýsköpunarverkefna skýrast af óúthlutuðu fé til málaflokksins frá síðasta ári. Af fjármunum til menningarverkefna eru 1,5 m.kr. til komnar vegna samnings við Rarik um stuðning þeirra við menningarstarf á Suðurlandi árið 2015 og 2016.




Markmið styrkveitinga á menningarsviði árið 2015 er eftirfarandi:

- Að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi og stuðla að markmiðum sem hafa verið skilgreind í menningarstefnu Suðurlands.

Árið 2015 eru lagðar eftirfarandi áherslur að hálfu úthlutunarnefndar:


- Verkefni sem hvetja til samstarfs milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og/eða uppsetning viðburða á fleiri en einum stað
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar og listaverkefna sem draga fram staðbundin eða svæðabundin menningareinkenni eða menningararf
- Verkefni sem fela í sér eða styðja við listsköpun barna og ungs fólks á aldrinum 18-25 ára
- Verkefni sem fela í sér samstarf við önnur lönd á sviði menningar og lista

Yfirlitið á næstu síðu sýnir fjölda umsókna um verkefnastyrki og styrkþega árið 2015 samanborið á milli málaflokka:



Umfang þeirra verkefna sem sótt er um á sviði menningar er mjög misjafnt og upphæð styrkveitingar eru að jafnaði ekki nema hluti af heildarjármögnun verkefna.


Styrkumsóknir bárust úr öllum sveitarfélögum á Suðurlandi og sýnir næsta mynd fjölda umsókna og styrkveitingar flokkað eftir búsetu umsækjenda árið 2015. Verkefnið sjálft getur hins vegar farið fram á öðrum stað á Suðurlandi, getur verið samstarfsverkefni á milli sveitarfélaga eða nær yfir allt Suðurland. Samstarfið getur verið mismunandi. Í sumum tilfellum starfa aðilar úr mismunandi sveitarfélögum beinlínis saman og/eða verkefni (t.d. tónleikar eða sýningar) fara fram á fleiri stöðum.



Ljóst er að mikill hugur er í fólki og greinilegt að menn eru með stórar hugmyndir sem eiga vonandi eftir að setja svip sinn á menningar- og atvinnulífið á Suðurlandi. Umfang verkefna sem verið er að vinna að er mikið. Þrátt fyrir að styrkveitingar séu tiltölulega litlar í samanburði við raunkostnað verkefna er greinilegt að þær hafa mjög jákvæð áhrif á framþróun mála.

Almennt voru umsóknir vel unnar og fjölbreytni umsókna dreifðist ágætlega á milli hinna ýmsu flokka sem menningarlífið byggir á en gróska og fjölbreytni í tónlistarlífinu er áberandi eins og undanfarin ár. Flokkun verkefna sem hér er notað er í samræmi við flokkun sem menningarfulltrúar landsins hafa notað í gegnum árin til að auðvelda samanburð á milli landshluta.

Skiptingin á milli listgreina er eftirfarandi:



Á skiptingunni má sjá að tónlist, leiklist og verkefni sem tengjast söfnum og menningararfi svæðisins eru áberandi mörg. Endurspeglar þessi skipting þróunina sem hefur átt sér stað á Suðurlandi í gegnum árin. Mikið samstarf er á milli safna og hefur Menningarfulltrúi unnið með félagi safnamanna sl. 6 ár. Það sama er að segja um leiklistina sem hefur hlotið reglulegar styrkveitingar í gegnum Menningarráð Suðurlands auk þess að Menningarfulltrúi hefur unnið að Þjóðleiksverkefninu. Tónlistarhefð og -gæði á Suðurlandi er einnig þekkt og endurspeglar að einhverju leyti metnað tónlistarskólanna á Suðurlandi sem eiga hrós skilið fyrir sína öflugu starfsemi.

## Kynning á nokkrum verkefnum sem Uppbyggingarsjóður styrkir árið 2015

### Þjóðleikur leiklistaverkefni - hlaut 500.000.- kr.

Þjóðleikur er stórt leiklistaverkefni sem haldið var að frumkvæði Þjóðleikhússins í fimm landshlutum sl. vetur í samstarfi við Menningarráðin, sveitarfélögin og fleiri aðila.

Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks á aldrinum 13 – 20 ára og á þessu ári náðist góð stemmning innan grunnskólanna. Alls mættu sjö hópar af öllu Suðurlandi til leiks og fór lokahátíðin fram á



Stokkseyri með glæsibrag. Verkefnið heldur áfram og verður næsta hátíð vorið 2017. Stefnt er að enn betri þátttöku og mun undirbúningsvinnan vera í gangi á næsta ári.

### Saga Fest - lista og tónlistarhátíð – hlaut 350.000.- kr.

Saga Fest er lista- og tónlistarhátíð sem haldin var í fyrsta skipti árið 2015. Ætlunin var að ná til fólks, tengja það hvert öðru og náttúrunni og hafa þannig jákvæðar samfélagsbreytingar og auka vitund um umhverfismál. Þáttökumiðuð námskeið mynda sambönd milli fólks og var allt þema hátíðarinnar innblásið af virðingu fyrir náttúrunni og mikilvægi tengslamyndunar til að skapa jákvæðar samfélagsbreytingar. Ekki var því eingöngu um venjulega útihátíð að ræða heldur var stærra markmið að baki allri skipulagningu og uppsetningu atriða.



### Bókabæirnir austan fjalls – Barnabókahátíð – hlaut 550.000.- kr.

Barnabókahátíð í Bókabæjunum austanfjalls þar sem barnabækur, höfundar þeirra og sögupersónur voru í sviðsljósinu og var öllu stillt upp með nýjum og skemmtilegum hætti þannig að allir, jafnt ungir sem aldnir, hefðu gagn og gleði af.



Markmiðið með Barnabókahátíðinni var fyrst og fremst að fá börnin til að taka virkari þátt í hinum stóra og víðáttumikla heimi bókmenntanna, hvetja til meiri lesturs og vekja athygli á mikilvægi bókmennta í hvaða formi sem þær eru. Með sífellt vaxandi tölvuleikjanotkun, sjónvarpsáhorfi og notkun síma og annarra tækja er afar mikilvægt að viðhalda bókmenntaáhuga barna og hvetja til meiri lesturs almennt. Samfélagið okkar gengur mjög mikið út á sjónræna afþreyingu og þá aðallega hjá yngri kynslóðinni. Barnabókahátíðin sameinar þetta tvennt, þ.e. hina sjónrænu afþreyingu og skemmtun og gagnvirka þátttöku barna og unglinga í bókmenntaheiminum.



#### **Tréskurðarverk um gangtegundir íslenska hestsins – stökk – hlaut 200.000.- kr.**

Í nokkur ár hefur verið unnið að því að skera út fimm sjálfstæða skurðgripi úr tré sem saman mynda heildstætt listaverk: gangtegundir íslenska hestsins. Þetta eru nákvæmar eftirlíkingar af íslenska hestinum. Búið er að skera út þrjár tegundir, tölt, brokk og skeið og núna er unnið að "Stökkhestinum".



#### **Gull-Augað sunnlensk kvikmyndahátíð hlaut 300.000.- kr.**

Gull-Augað er sunnlensk kvikmyndahátíð sem haldin verður á nokkrum stöðum á Suðurlandi þar sem aðstaða til kvikmyndasýningar er best. Markmið hátíðarinnar er að efla áhuga á kvikmyndamenningu og sýna heimildamyndir og leiknar kvikmyndir. Sérstök áhersla verður lögð á myndir sem tengjast Suðurlandi á einn eða annan hátt bæði gamlar og nýjar.



#### **Hlynur Pálmason - Upphaf og Endir – hlaut 400.000.- kr.**

„Fiskurinn er okkur allt, hann er okkar upphaf og endir“, skrifaði Jón Kalman Stefánsson. Þessi stutti texti lýsir drifkrafti verkefnisins vel eða upphafi þess. „Upphaf og Endir“ fjallar um uppruna okkar og tímann, dag og nótt, myrkrið og ljósið, árstíðirnar, veðráttuna, flóð og fjöru, hafið og landið. Sýningin inniheldur, kvikmyndaverk, skúlptúra, myndverk sem hafa veðrast úti í náttúrunni og ljósmyndir.



## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS

Í október 2014 var endurnýjað samstarf Eignarhaldsfélags Suðurlands og SASS með gerð þjónustusamnings. SASS tók að sér daglega umsjón og verkefni Eignarhaldsfélagsins, undirbúning stjórnarfundar ásamt því að svara fyrirspurnum um félagið í umboði stjórnar þess. Þessi verkefni falla einkar vel að venjubundnum verkefnum starfsmanna SASS, sérstaklega því sem snýr að atvinnuþróun og ráðgjöf. Samstarfið hefur gengið vel og er reiknað með að það standi til frambúðar. Stjórn EFS hefur komið að margvíslegum verkefnum gegnum tíðina. Núverandi stjórn hefur hugsað sér að fara í stefnumótun um framtíð og verkefni á yfirstandandi starfsári. Nánari upplýsingar um Eignarhaldsfélagið er að finna á heimasíðu sjóðsins [www.efs.is](http://www.efs.is) og hjá starfsmönnum SASS.

### ART VERKEFNIÐ

Bjarni Bjarnason verkefnastjóri ART lét af störfum um síðust áramót og tók þá Kristín Hreinsdóttir við verkefnastjórn í 20% starfi, tímabundið. Sigríður Þorsteinsdóttir er nú starfandi verkefnastjóri ART.

ART teymið skipa Sigríður Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri, grunnskólakennari og ART þjálfari, Kolbrún Sigþórsdóttir grunnskólakennari og ART þjálfari og Gunnar Þór Gunnarsson, félagsráðgjafi og ART þjálfari, sem ráðinn var til starfa í maí sl. Sigríður og Kolbrún hafa aukin réttindi sem ART þjálfarar og mega því þjálfa aðra til að verða ART þjálfarar. ART teymið veitir meðferð og/eða handleiðslu á öllu Suðurlandi að Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði frátöldum. Námskeiðshald og handleiðsla er sífellt stækkandi þáttur í starfsemi teymisins og er töluverð eftirspurn eftir námskeiðum og handleiðslu teymisins af öllu landinu.

Teymið hélt alls 8 réttindanámskeið og 4 fræðslufundi á skólaárinu 2014-2015. Töluverð aukning er í útbreiðslu ART skólaúrræðisins um allt land.

ART teymið sinnir töluverðri meðferðarvinnu á Suðurlandi og er einstökum börnum vísað til teymisins annars vegar í gegnum skóla og/eða heimili og hins vegar gegnum barnaverndarnefndir á svæðinu. Í slíkum málum vinnur teymið með börnin og fjölskyldur þeirra í náinni samvinnu við heimaskóla barnanna. Þá eru börnin gjarnan í bekkjar-ART tímum með bekkjarfélögum í skólanum sínum samhliða fjölskyldu-ART tímum með fjölskyldunum. ART teymið sinnti 20 meðferðarmálum á vorönn 2015 og eftirfylgd í 28 málum. Á haustönn 2015 sinnir teymið meðferð 19 barna og fjölskyldna þeirra auk eftirfylgdar með 30 fjölskyldum og námskeiðum og fræðslufundum um allt land.

Lögð hafa verið drög að samstarfi milli landa, bæði hvað varðar yfirfærslu þekkingar milli landa og að alþjóðlegum rannsóknum á árangri ART þjálfunar. Sótt verður um styrki úr Evrópu- og/eða Norðurlandasjóðum til samvinnunnar. Einnig er ART teymið með stjórnarmann í stjórn alþjóðlegru ART samtakanna PREPSEC International



## SAMNINGAR

Gerður hefur verið einn samningur við ríkið vegna framlaga til SASS á þessu ári. Samningur um Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 var undirritaður af mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og formanni SASS, 10. febrúar sl. Sá samningur tók við af menningarsamningi sem gerður var við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Vaxtarsamningi sem gerður var við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um framlög til atvinnu- og nýsköpunar á Suðurlandi. Sjóðurinn er fjármagnaður með samningi við ráðuneytin og með framlögum frá sveitarfélögunum. Samtals renna til Sóknaráætlunar Suðurlands tæplega 103 m.kr. á árinu 2015. Gildistími samnings um sóknaráætlanir landshluta og þar með Uppbyggingarsjóðs er fyrir árin 2015 til 2019.

## UMSAGNIR OG ÁLYKTANIR

Að venju hafa fjölmörg mál verið til umfjöllunar hjá stjórn SASS, bæði umsagnir um þingmál og mál sem varða landshlutann.

*Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, 140. mál.*

Stjórn SASS tók undir umsögn sveitarfélagsins Árborgar sem fram kom í bréfi til nefndarinnar og dagsett er 1. október sl. Stjórnin lagði áherslu á að farið verið eftir ábendingum sveitarfélagsins Árborgar.

*Ályktun stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um tónlistarnám og rekstur tónlistarskóla*

Stjórn SASS leggur þunga áherslu á að framlag ríkisins til tónlistarnáms á framhaldsstigi á Suðurlandi verði tryggt. Stjórnin mótmælir framkomnum hugmyndum mennta- og menningarmálaráðherra um að fjármögnun tónlistarkennslu á framhaldsstigi verði bundin við einn skóla.

*Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018.*

Samgöngumál eru eðli máls samkvæmt stjórn SASS hugleikin og gerði hún eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunartillöguna:

**Almennt:** Lögð er áhersla á að tekin verði upp ný vinnubrögð í samgöngumálum hvað varðar áætlanir, ákvarðanir og framkvæmdir við samgöngumannvirki. Við skiptingu fjármuna er eðlilegast að horfa á landið í heild, beina þarf fjármunum í þær framkvæmdir sem eru brýnastar hverju sinni og forgangsraða þarf framkvæmdum á landinu í heild m.t.t. umferðar- og öryggissjónarmiða. Lögð er áhersla á að meiri fjármunum verði varið á næstu árum til rannsókna í samgöngumálum og við áætlanagerð verði höfð hliðsjón af umferðarspám, s.s. vegna fjölgunar ferðamanna.

**Almenningssamgöngur:** Í þingsályktuninni er ekki gert ráð fyrir hækkunum vegna almenningssamgangna, óbreytt framlag á milli ári. Skorað er á ríkisvaldið að standa við þá samninga sem gerðir hafa verið og jafnframt verði tillit tekið til breytinga á endurgreiðslu olúgjalds.

**Umferðaröryggi:** Mikilvægt er að tryggja öryggi allra vegfarenda með stórauðni fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja. Viðhald vega hefur ekki verið í takt við fjölgun vegfarenda og því brýnt að bæta úr því án tafar. Í samgönguáætluninni er einungis gert ráð fyrir því að endurnýja 6-7% af flatarmáli

bundins slitlags á hverju ári en hlutdeildin ætti að vera nær 10-12%. Lagt er til að lögð verði megináhersla á þetta verkefni á næstu árum.

**Fækkun einbreiðra brúa:** Lögð er áhersla á að verulegt átak verði gert í samgöngumálum í V- og A-Skaftafellssýslum. Farið verði hraðar í fækkun einbreiðra brúa á Þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir í samgönguáætluninni en fjöldi þeirra er í V- og A-Skaftafellssýslum eða rúmlega 20 talsins. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningsleiðir og auka öryggi vegfarenda.

**Suðurlandsvegur á milli Hveragerðis og Selfoss:** Stjórn SASS lýsir yfir ánægju sinni með að í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir vegabótum á milli Selfoss og Hveragerðis.

**Hafnir:** Lögð er áhersla á að tryggt verði fé til dýpkunar sunnlenskra hafna, þ.e. Hornafjarðarhafnar, Landeyjahafnar, Vestmannaeyjahafnar og Þorlákshafnar. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að framtíðarlausn innsiglingar um Hornafjarðarós Grynnsln.

Það er fagnaðarefni að endurbætur hafnarinnar í Þorlákshöfn séu hluti samgönguáætlunarinnar. Endurbæturnar eru mikilvægt hagsmunamál fyrir Suðurland en höfnin er stórt tækifæri til öflugrar atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi. Lögð er áhersla á að framkvæmdum verði flýtt en áætlað fjármagn til verksins á tímabilinu er aðeins um fjórðungur af heildarkostnaði skv. frumkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar.

**Brúargerð yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt:** Lögð er áhersla á að framkvæmdum við brú yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt ásamt tilheyrandi vegalagningu. Núverandi brú er léleg og stórvarasöm. Framkvæmdin er arðsöm og mun stytta hringveginn um 11 km.

**Lokaorð:** Ekki er hægt að láta hjá líða að gagnrýna þann stutta umsagnarfrest sem sveitarfélögunum er gefinn til umsagnar um jafnmikilvægt mál og samgönguáætlun Alþingis. Hér með er skorað á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að endurskoða verklag nefndarinnar að þessu leyti.

*Umsögn stjórnar SASS um reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu.*

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í umsögn þeirra til innanríkisráðuneytisins í bréfi dagsettu 27. maí sl.

Stjórnin leggur mikla áhersla á að farið verið eftir ábendingum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting og flokkar veitingastaða), 704. mál.*

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í umsögn þeirra til atvinnuveganefndar og dags. er 28. apríl sl.

Jafnframt telur stjórnin að skilgreina þurfi betur fjölda leyfilegra rýma í heimagistingu, sérstaklega í þéttbýli. Það er alveg mögulegt, eins og dæmin sanna, að útbúa þokkaleg einbýlishús þannig að þau bjóði upp á 5 - 10 gistirými eða þaðan af fleiri. Í raun eru þau þá farin að reka gistipjónustu sem fer langt yfir þolmörk þess sem t.d. nágrennar ættu að þurfa að þola, sbr. bílastæði og annan átroðning inni í skilgreindri íbúðabyggð. Eðlilegra er að setja takmörk við 4 gistirými í heimagistingu.

Einnig ætti að koma fram tilkynningarskylda til sveitarfélaga þegar leyfi hefur verið veitt til breyttrar notkunar húsnæðis en við leyfisveitingu hækka fasteignagjöld.

*Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, 434. mál.*

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga að sú staða sé í raun ótæk að ef ekki er kveðið á um aðsetur stofnunar í lögum þá sé ákvörðun um aðra staðsetningu en í Reykjavík óheimil og stangist á við stjórnarskrá. Stjórnin telur því nauðsynlegt að lögfesta heimild ráðherra til að ákveða aðsetur stofnunar enda mikilvægt að svigrúm sé til flutnings opinberra starfa á landsbyggðina þar sem rök eru á annað borð talin standa til þess.

Stjórn SASS styður framkomna breytingu og leggur til að frumvarpið verði að lögum.

*Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni (heilðarlög, EES-reglur), 504. mál. Óskar Sigurðsson, lögfr. hjá JP lögmönnum, vann umsögnina fyrir SASS.*

Almenningssamgöngur falla undir frumvarpið og sá málaflokkur er eðli máls samkvæmt stjórn SASS hugleikin og gerði hún eftirfarandi athugasemdir við frumvarpsdrögin:

Umsagnaraðili gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp. Að mati umsagnaraðila kemur frumvarpið til með að valda því að réttarstaða þeirra sem falla undir frumvarpið verði miklu mun óskýrari, þvert á það sem að er stefnt. Á það sérstaklega við um mörkin á milli almenningssamgangna og almennrar ferðapjónustu. Því miður tekur frumvarpið ekki mið af metnaðarfullri samgönguáætlun stjórnvalda um eflingu almenningssamgangna. Verði frumvarpinu ekki breytt er grundvöllinum kippt undan almenningssamgöngum í núverandi mynd og þar með möguleikum sveitarstjórna og landshlutasamtaka á að þróa þjónustuna miðað við þarfir og eftirspurn á hverju svæði. Frumvarpsdrögin eins og þau liggja núna fyrir eru að mati umsagnaraðila með öllu ónothæfur grundvöllur að nýju lagaumhverfi um almenningssamgöngur og farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni.

*Umsögn um frumvarp til laga um vatnamál, 511. mál.*

Stjórnin leggur mikla áhersla á að farið verði eftir ábendingum Sambandsins og áréttar að eðlilegra væri að fjármagna þau verkefni sem gjaldtökunni er ætlað að standa undir, af tekjum ríkisins vegna umhverfis- og auðlindaskatta. Jafnframt er áréttað það sjónarmið að ríkið endurgreiði virðisaukaskattur af fráveituframkvæmdum þannig að sveitarfélög geti sem fyrst lokið nauðsynlegum framkvæmdum.

Stjórn SASS leggst eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

*Umsögn um frumvarp til laga um náttúrupassa, 455. mál.*

Gjaldtaka á ferðamannastöðum hefur verið mjög til umræðu á undanförunum misserum. Stjórnin samþykkti eftirfarandi ályktun um málið:

Stjórn SASS telur nauðsynlegt að sett verði lög er stuðla að verndun náttúru landsins með markvissri uppbyggingu og viðhaldi á viðkvæmum ferðamannastöðum. Einnig er stjórn sammála því að gjaldtaka þurfi að beinast að þeim sem nýta aðstöðuna og njóta þeirrar náttúru sem þarf að vernda. Það eru hinsvegar vonbrigði að á því tæpa ári sem liðið er síðan málið var síðast til efnislegrar meðferðar hafi ekki meira áunnist.

Stjórn SASS telur nauðsynlegt að lögin tryggi sanngjarna dreifingu tekna til þeirra sem veita grunnþjónustu á ferðamannastöðum og best væri að hún næði til allra ferðamannastaða.

Stjórn SASS leggur höfuðáherslu á að tekjur sem fást við gjaldtökuna renni óskiptar til þjónustu, verndar, öryggisþátta og uppbyggingar ferðamannastaða og að öll yfirbygging verði í lágmarki. Einnig telur stjórn rétt að horfa þurfi til þess stoðkerfis, sem þegar er til í landinu, þegar kemur að útdeilingu fjármagns og eftirliti með svæðunum.

Það er áhyggjuefni að ekki sé til langtímaáætlun um uppbyggingu og verndun ferðamannastaða, listi yfir ferðamannastaði og að gerð laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn.

*Umsögn um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, 512. mál.*

Stjórn SASS fagnar framkomnu frumvarpi og telur að með því sé stigið mikilvægt skref í að tryggja öryggi og vernd lífs og eigna. Stjórnin mælir með að lögin verði samþykkt.

*Umsögn um þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál.*

„Samtök sunnlenskra sveitarfélaga styðja eindregið þingsályktunartillögu um að flytja Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk. Ljóst er eftir vandaða umfjöllun verkefnisstjórnar, og fagshóps á hennar vegum, að óvissa vegna áhrifa virkjunarinnar á laxastofna er það lítil að réttlætanlegt er að færa virkjunina í nýtingarflokk á nýjan leik. Samtökin leggja áherslu á að áfram verði haldið við að meta fimm virkjunarkosti sem í meðförum Alþingis voru færðir úr nýtingarflokki í biðflokk, þannig að hægt verði að taka endanlega afstöðu til þeirra tveggja virkjunarkosta sem ekki fengu fullnægjandi mat í meðförum fyrri verkefnisstjórnar.“

Umsögninni var fylgt eftir á fundi atvinnuveganefndar Alþingis 11. nóvember 2014:

„Stjórn SASS leggur áherslu á að Alþingi afgreiði málið á grundvelli þeirra vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar og tillögum hennar um flokkun virkjunarkostanna í verndarflokk, biðflokk og nýtingarflokk. Samkvæmt tillögum verkefnisstjórnar voru fjórir af sex vatnsaflsvirkjunarkostum á Suðurlandi í nýtingarflokki. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að þeir fari allir í biðflokk. Að mati stjórnar SASS er það óviðunandi bæði vegna þess að ekki eru færð sterk rök fyrir þeim tillögum og einnig er um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir sunnlendinga vegna þeirrar atvinnuuppbyggingar sem gera má ráð fyrir að fylgi í kjölfarið. Stjórn SASS skorar því á Alþingi að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk.“

Stjórn SASS er enn þeirrar skoðunar að færa eigi Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga og gerir ekki athugasemd við að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun færist úr biðflokk í nýtingarflokk. Einnig má benda á báðar þessar virkjanir hafa verið samþykktar í sveitarstjórn mótatkvæðalaust eftir að ljóst var, að mati sveitarstjórnar, að rétt hafi verið staðið að hlutunum.

Varðandi Skrokkölduvirkjun er rétt að minna á að órökstuddur flutningur þeirra virkjunar í nýtingarflokk er ótrúverðugur þar sem hann byggir ekki á þverfaglegri vinnu verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Hvað varðar Hagavatnsvirkjun hefur hún sérstöðu að því leyti að hún hefur ekki verið tekin til afgreiðslu í verkefnastjórn. Stjórn SASS telur að um fáar virkjanir hafi verið meira fjallað og fyrirbyggjandi eru niðurstöður úr fjölmörgum rannsóknum. Stjórnin tekur undir málflutning sveitarstjórnar Bláskógabyggðar að með framkvæmdum megi auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifasvæði uppfoksins, m.ö.o. virkjunin hefði jákvæð umhverfisáhrif. Stjórnin SASS hvetur verkefnisstjórn 3ja áfanga rammaáætlunar að hraða umfjöllun sinni um Hagavatnsvirkjun þannig að ákvarðanir um flokkun virkjunarkosta sé vel ígrunduð.

Stjórn SASS vill að lokum árétta að raforka sem framleidd er á Suðurlandi verði í mun meira mæli nýtt til atvinnuuppbyggingar heima í héraði. Nú er staðan sú að um 50% af raforku framleiddri með vatnsafla kemur frá Suðurlandi og um 70% af raforku framleiddri með háhita. Einungis 4% af heildar raforkuframleiðslunni eru hins vegar nýtt á Suðurlandi.

Með vísan til afstöðu stjórnar, sbr. framgreint, telur hún ekki þörf á sérstakri umfjöllun um frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar.

#### *Umsögn stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um Landsskipulagsstefnu 2015-2026.*

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í bréfi þeirra til Skipulagsstofnunar og dagsett er 29. janúar sl., atriða sem fram koma í bréfi sveitastjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps og dagsett er 6. febrúar og loks umsögn sveitarfélaganna þriggja, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps.

Stjórnin leggur áherslu á tekið verði tilliti til ábendinganna sem fram koma og gerðar verði nauðsynlegar breytingar á tillögu að landskipulagsstefnu áður en hún verður afhent ráðherra.

Stjórnin leggur áherslu á að landsskipulagsstefnan undirstriki nauðsyn þess að styrkja dreifbýli til jafns við þéttbýli. Jafnframt er nauðsynlegt að stefnan taki bæði til landverndar og landnýtingar og hvernig þessir þætti geta stuðlað að betri búsetuskilyrðum í öllu landinu.

Stjórn SASS telur nauðsynlegt að hraða beri gerð lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða enda mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélög þar sem mikil starfsemi fer fram á strandsvæðum.

Umfram það sem að ofan greinir vil stjórn SASS vekja sérstaka athygli á eftirfarandi:

- Neðst á síðu 44 stendur að „... er hér lagt til að Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að festa ákveðin viðmið og kortleggja reglulega umfang víðerna á hálendinu.“

Stjórnin telur að með orðalaginu „...að festa ákveðin viðmið ...“ séu stofnanirnar að taka sér óskilgreint vald.

- Á síðu 50 er tekið fram að stefnan tekur mið af rammaáætlun sem samþykkt var sem þingsályktun frá Alþingi í janúar 2013. Vakin er athygli á að fyrir Alþingi liggur nýtt þingsályktunarfrumvarp og verði það samþykkt hefur það áhrif landsskipulagið.
- Stjórnin vill benda á að 60 km. skilgreining á vinnusóknarsvæði er þröng skilgreining. Innan sveitarfélaga á Suðurlandi er mikil uppbygging í ferðaþjónustu og aukning er í störfum sem falla utan þessarar skilgreiningar um vinnusóknarsvæði.

Áréttað er að staðsetning samgöngumannvirkja hefur mikil áhrif á búsetumynstur og stjórnin undrast að flugvellir séu ekki hluti af landskipulaginu.

## LOKAORÐ

Á liðnu tímabili urðu breytingar hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn og tók hann til starfa í byrjun janúar sl. Ný verkefni komu til sögunnar s.s. starfsemi Frumkvöðlaseturs Suðurlands, þá var starfsmaður ráðinn í verkefnið *Skaftárhreppur til framtíðar* með aðsetur á Klaustri, starfsemi Menningarráðs var sameinuð starfsemi SASS og nýr samningur um sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 var undirritaður í febrúar sl. Samningurinn tók við af Vaxtasamningnum, samningnum um menningarstyrki og eru verkefni sem féllu undir sóknaráætlun hluti samningsins.

Þrátt fyrir óhjákvæmilega vaxtaverki hefur reynslan af breytingunum verið jákvæð. Fjölmörg mál hafa verið til umfjöllunar hjá stjórn SASS, bæði umsagnir um þingmál og mál sem varða allt Suðurland.

SASS hefur á að skipa afbragðs starfsfólki. Kraftmikið og hugmyndaríkt starfsfólk hefur tryggt öfluga þjónustu og starfsemi SASS.

Áfram verður haldið á þeirri braut að sinna markmiðum samtakanna sem eru að:

- vera öflugur samstarfs- og þjónustuvettvangur um hagsmunamál sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi
- sinna verkefnum skv. heimild í sérlægum sem tengjast hlutverki og markmiðum samtakanna, s.s. almenningssamgöngum
- efla velferðarþjónustu á Suðurlandi.
- vinna að eflingu atvinnu- og athafnalífs á Suðurlandi
- vinna að stefnumótun í byggðamálum á Suðurlandi
- stuðla að eflingu mennta- og menningarmála á Suðurlandi
- veita styrki til verkefna á sviði atvinnulífs og menningar á Suðurlandi

Við horfum björtum augum til framtíðar og erum reiðubúin til að takast á við krefjandi verkefni. Með samhentu átaki allra – íbúa, fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka- á Suðurlandi erum við betur búin undir að takast á við breytingar og nýta tækifærin. Með því að ganga í takt náum við lengra og getum gert gott samfélag enn betra.